

Sp. 122. Tillaga til þingsályktunar

um síldarrannsóknir.

Flm.: Finnur Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leigja fyrst um sinn í allt að þriggja mánaða tíma tvö vélskip, útbúin með dýptarmælum, til þess að fylgjast með síldargöngum hér við land, svo og til þeirra rannsókna í því sambandi, er fiskifræðingar kynnu að álíta nauðsynlegar. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur komið mikil síldarganga hér í Faxaflóa bæði í vetur og fyrravetur. Síldin gengur í svo þéttum torfum, að skip, sem útbúin eru með sjálf-riðandi dýptarmælum, geta fylgt með göngu hennar. Mörg skip stunda þessar veiðar, og er mjög mikils um vert að vita, svo sem unnt er, hvernig síldargöngu þessari er hagað, bæði hvaða leið hún kemur inn að landinu og hvert hún fer. Kunnugt er, að vetrarsíldin, sem gengur upp að Noregsströndum, er í þéttum torfum, svo sem þessi síld, og fylgjast fiskirannsóknarskip Norðmanna rækilega með göngu hennar og leiðbeina veiðiskipunum um það, hvar hana er að finna.

Flm. er ljóst, að fiskirannsóknnum okkar hefur eigi verið nægur gaumur gefinn og að mikið þarf þar úr að bæta, bæði hvað snertir fjárframlög til þeirra og aðbúnað allan þeim til handa, er þær stunda, og þarf það mál mikilla úrbóta. Hins vegar má vera, að með samþykkt þessarar tillögu væri unnt að ráða hluta úr óleystri gátu og að landsmönnum gæti orðið sú ráðning til mikils fjárhagslegs gagns.